

# Greinargerð

vegna umsóknar um Grænfána  
Dalvíkurskóli 2022



# Umhverfisnefndin

Umhverfisnefndin samanstendur af sex kennurum, einum skólaliða og tveimur nemendum úr hverjum árgangi. Nefndin er skipuð á hverju hausti.

Þeir kennarar sem hafa áhuga á umhverfismálum geta óskað eftir sæti í umhverfisnefndinni og er öllum frjálst að taka þátt. Nemendur hafa verið valdir af umsjónarkennurum, tveir og tveir úr hverjum árgangi, á þann hátt að einn drengur og ein stúlka sitja í nefndinni eitt ár í senn. Þá er þess gætt að nemendur sem flytja tímabundið í byggðarlagið fái tækifæri til að sitja í nefndinni. Að þessu sinni eru fjórir kennarar í nefndinni sem einnig eru foreldrar barna í skólanum, og því má í raun segja að það sitji einnig fulltrúar foreldra í nefndinni.

Fundir kennara í nefndinni hafa verið haldnir að jafnaði 3-4 sinnum á önn. Fundir með nemendum hafa í gegnum tíðina verið haldnir að meðaltali tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn, en vegna covid hefur þeim fundum fækkað mjög og er það miður. Á þessu skólaári skipulögðum við skemmtilegan fund um neyslu (sjá viðauka 2), en þurftum að fresta þessum sama fundi nokkrum sinnum vegna þess að þegar að halda átti fundinn þá voru ýmist samkomutakmarkanir settar á eða það reið covid bylgja yfir samfélagið. Við hlökkum til að hefja nýtt grænfánaár með þessum skemmtilega fundi og í kjölfarið reglulegri fundum með nemendum.

Í upphafi vetrar er farið yfir aðgerðaráætlun og skoðað að hverju stefna skuli. Á þessu tímabili höfum við lagt áherslu á þemun *neysla* og *loftslagsbreytingar*.

Ritari sér um að skrá fundargerðir og meðfylgjandi eru dæmi um nokkrar slíkar. Sjá viðauka 1.

## Mat á stöðu umhverfismála

Í Dalvíkurbyggð er mikil áhersla lögð á flokkun, og er því fylgt eftir í Dalvíkurskóla. Flokkunarkerfi skólans er gott, rusla- og endurvinnslufötur eru vel merktar og hafa skólaliðar hrósað nemendum fyrir hversu vel þeir ganga um flokkunarföturnar. Flokkunartunnur eru á

sameiginlegum gangi á þremur stöðum í skólanum, pappírstunnur eru í öllum skólastofum og í matsal fer matarúrgangur í sérstaka tunnu.

Reglulega ræddu kennarar og nemendur um þá miklu sóun sem varð vegna covid faraldursins. Var þá aðallega verið að meina hanska- og grímunotkun. Áhugavert verður að sjá á umhverfisdegi skólans (ruslatínsludegi) hversu margar grímur við finnum úti í náttúrunni. Við höfum hug á að gera meira úr árlegum umhverfisdegi skólans og virkja samfélagið með okkur.

Hreingerningarvörur voru mikið til umræðu í covid faraldrinum og hefur mörgum verið skipt út fyrir umhverfisvænni vörur. Spritt var ýmist sett á endurfyllanlega sprittbrúsa, eða notast við sprittskammtara sem skammtaði hæfilegum skammti af spritti í hvern lófa.

Unnið er samkvæmt eftirfarandi umhverfismarkmiðum:

#### **Umhverfismarkmið Dalvíkurskóla**

- **Bæta flokkun úrgangs, auka endurnýtingu og minnka sorp sem fer frá skólanum.**
- **Spara vatn, rafmagn og pappír.**
- **Hvetja til þess að sem flestir gangi/hjóli í skólann.**
- **Efla umhverfisvitund og fræðslu um umhverfismál og sjálfbærni í öllu skólasamfélaginu.**
- **Virkja nemendur til að taka lýðræðislegar ákvarðanir og leysa sjálfa úr vandamálum.**
- **Halda áfram með bekkjarfundi og nýta þá til að efla samfélagskennd.**
- **Stuðla að því að skólalóðin hvetji til útivistar og hreyfingar.**
- **Efla útivist og útikennslu og tengja við sem flestar námsgreinar.**
- **Auka samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og áhugamenn um umhverfismennt og útivist.**

Vel hefur gengið að framfylgja flestum markmiðum. Endurbætur hafa verið gerðar á skólalóðinni frá síðustu afhendingu grænfanans, ný leiktæki hvetja nemendur til útileikja af ýmsu tagi.

# Umhverfissáttmálinn

Núverandi umhverfissáttmáli Dalvíkurskóla leit dagsins ljós eftir að þessi umhverfismarkmið þóttu ekki nægja sem umhverfissáttmáli. Umhverfissáttmáli skólans er í formi myndbands við frumsamið rapplag sem ber titilinn *Ekki menga*.

<https://www.youtube.com/watch?v=vbS5eNStF1w>

Textann má finna á heimasíðu Dalvíkurskóla:

<https://www.dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli/verkefni/graenfani>

Þetta lag hefur skólinn reynt að halda á lofti og spila reglulega fyrir nemendur skólans. Þó hefur dregið úr því í covid. Þetta myndband var á sínum tíma sent inn í keppnina Varðliðar umhverfisins og fékk Dalvíkurskóli viðurkenningu á Degi umhverfisins þegar höfundar lagsins fengu verðlaun fyrir myndbandið *Ekki menga*.

## Neysla og loftslagsbreytingar

Kennarar skólans hafa unnið ýmis verkefni í tengslum við þemun *Neysla og Loftslagsbreytingar* og má hér nefna nokkur dæmi:

- 9. og 10. bekkur horfðu á heimildarmyndina *Á borð fyrir börnin* (*What are we feeding our kids*). Í upphafi tímans voru nemendur beðnir um að svara eftirfarandi spurningum á litla miða. Svörin voru lesin upp á milli spurninganna:
  - *Hvaða matur er svo góður að ég get ekki hætt að borða hann?*
  - *Hvað held ég að „ofurunnin matvara“ sé?*

Nemendur sýndu viðfangsefninu áhuga og margt kom þeim á óvart. Þau voru mörg óhrædd við að líta í eigin barm og höfðu ýmislegt til málanna að leggja, t.d. „Ofurunninn matur er miklu ódýrari en hollur matur, þess vegna borðum við hann“, og „Ofurunninn matur er fljótlegur, maður er oft að drífa sig“.

- Ýmis stærðfræðiverkefni snúa að neyslu. Nemendur 8. bekkjar eiga að taka saman hvað þau þurfa til að halda fermingarveislu og gera kostnaðaráætlun. 9. bekkur tekur saman kostnað yfir hvað það kostar að vera 9. bekkingur í einn mánuð. 10. bekkur tekur saman hvað það kostar að fara í framhaldsskóla. Verkefni á borð við þessi virkja nemendur í hugsun um neyslu og opnar á umræðuna um hvað þau eru að eyða peningunum í og hvers þau þarfnast í raun.
- Í 5. bekk unnum við með bókina *Fátækt og hungur* í bókaflokknum *Börn í okkar heimi*. Þar sem verið er að rækta með nemendum samfélagslega ábyrgð og

samhygð. Talað er um grunnþarfirnar sem allt fólk þarf til að geta lifað sómasamlegur lífi. Lögð er áhersla á að virkja gagnrýna hugsun nemenda og vekja áhuga þeirra á umræðu um lífið og samfélag okkar ásamt því að hvetja nemendur til að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélagið sem við búum öll í.

- Hvernig **náttúruhamfarir** hafa áhrif á stöðu fólks sem býr við slakar aðstæður.
- Hvernig **loftlagsbreytingar** geta haft mikil áhrif á líf þess fólks sem býr við fátækt og/eða hungur.
- Hvernig tengist **neysla og sóun loftslagsbreytingum**?

Á vefnum [www.matarsoun.is](http://www.matarsoun.is) er mikið af upplýsingum og myndböndum um það hvernig við getum unnið að því að draga úr matarsóun. Hvað er matarsóun? Hvar get ég gert?

Sagt var frá **hjálparsamtökum** sem eru til staðar fyrir fólk sem lifir við fátækt og hungur. Eftir að hafa skoðað vel og verið með umræður um mikilvægi hjálpasamtaka voru nemendur á því að vilja safna gjöfum fyrir þá sem þess þurfa (<https://sannargjafir.is/>). Nemendur fóru um allan bæinn og söfnuðu til styrktar fátækum. Það söfnuðust tæplega 70.000 kr. og fengu nemendur það verkefni að velja það sem hægt væri að kaupa fyrir þessa upphæð.

- Nemendur gerðu innkaupapoka úr gömlum kvennahlaupsbolum.
- Nemendur gerðu gjafapoka úr gömlum dagblöðum fyrir jólin.
- Í handmennt gerðu nemendur armbönd úr sokkabuxum sem öldruð kona átti. Þessi góða kona hafði klippt gamlar sokkabuxur og vafið upp í hnykla. Þegar hún lést áskotnaðist skólanum þetta og fékk sagan að fylgja með þegar nemendur spreyttu sig á verkefninu.
- Ruslaverkefnið (Kolla) 29.apríl 2021 starfsmannasíða. Ruslahrúga á gólfi, nemendur í 1. og 2. bekk gerðu fígúru úr því . SPjall um ruslið, skrítið að sjá allt þetta rusl! Eru umbúðir eitthvað annað en rusl? er hægt að nýta þær.





## Grænfánaveggurinn

Vorið 2021 var ákveðið að finna svæði í skólanum til að gera grænfánaverkefnið sýnilegra fyrir nemendum, starfsfólki og gestum skólans. Niðurstaðan var stór korktafla sem er á vegg í anddyri skólans og er hún helguð ýmsum verkefnum nemenda sem tengjast grænfánanum á einn eða annan hátt. Haustið 2021 sendi grænfánanefndin tölvupóst á alla kennara skólans þar sem þeir voru hvattir til þess að hafa grænfánavegginn í huga, þeir voru hvattir til þess að taka myndir af vinnu nemenda í tengslum við umhverfismál og hengja upp sýnishorn af vinnu nemenda. Kennarar eru hvattir til að vinna samkvæmt þemunum *Neysla* og *loftslagsbreytingar* en öll verkefni sem tengjast umhverfismálum á einn eða annan hátt eru þó velkomin á vegginn. Hugsunin er að verkefnunum sé skipt út reglulega yfir skólaárið, veggurinn á sumsé að vera lifandi yfirlit yfir það sem verið er að vinna með í tengslum við umhverfismál hverju sinni. Þetta fór hægt af stað í fyrstu, kennarar voru lengi að taka við sér, en eftir nokkrar vikur fór veggurinn að glæðast lífi. Sum verkefni hafa hangið lengur en önnur, en von okkar í umhverfisnefndinni er sú að með tímanum komist þetta upp í vana hjá kennurum og nemendum, að hafa vegginn í huga.

Nöfn með orðum yfir snjókomu, dæmi um hvernig bolur verður að innkaupa poka, gjafapokar úr dagblöðum, verkefni í landafræði eru dæmi um verkefni sem þar hafa verið hengd upp í vetur. Ýmis konar sköpunarverkefni og verkefni úr verkgreinum hafa einnig verið sett á borð við vegginn. Í vor barst okkur í hendur kjóll, sem unnin var úr alls kyns efnisafgöngum



Í hverri viku er sett mynd upp á auglýsingaskjá framan við samkomusal skólans þar sem efnið er margvíslegt tengt umhverfi og náttúru eins og myndir af kaupstöðum, fjöllum, dýrum, umhverfismerkjum o.fl. Spurt er hvar viðkomandi staður er eða hvað hann heiti (t.d. hvaða kauptún er þetta?), hvað fjallið heiti og hvar það sé, hvaða fisktegund þetta sé, fyrir hvað merkið standi o.fl. Spurningin stendur frá mánudegi til miðvikudag og svarið er svo sett upp á fimmtudegi. Þegar nemendur standa í hádegisverðarröðinni spá þeir oft í það sem er á skjánum og velta þessum myndum fyrir sér.





# Útikennsla og útivist

Flestir kennarar nýta sér útikennslu þó í mismiklum mæli sé. Mest er um útikennslu á haustin og á vorin. Í valgreinum á unglingastigi eru alltaf einhverjar valgreinar er snúa að útivist, t.d. gönguferðir og fjallahjólreiðar. Farið er í berjamó með alla nemendur skólans einn dag á haustin þar sem afraksturinn fer ýmist ofan maga nemenda strax, ofan á skyr í hádegismat skólans þann daginn eða er settur í frost og nýttur í heimilisfræði t.d. þegar bakaðar eru dýrindis berjamúffur. Göngudagur Dalvíkurskóla fer fram í byrjun skólaárs og fer hver bekkur í fjallgöngu eða lengri göngu með kennurum sínum. Á veturna er útivistardagur þar sem allir nemendur fara upp í fjall og renna sér á skíðum, sleða eða gönguskíðum. Á öskudaginn ganga allir nemendur um bæinn, heimsækja fyrirtæki og syngja, en þetta er mikilvæg tenging skólans út í samfélagið.

Nýjasta dæmið um útikennslu er úr 1. bekk en þar voru nemendur úti og áttu að *skrifa* nafnið sitt með efniviði úr náttúrunni.






## Íþróttir

Íþróttakennarar kenna alla sína kennslu úti í nokkrar vikur á haustin og alltaf eitthvað á vorin þó snjóalög og veðurfar ráði þar meiru um hvenær farið er út. Umhverfi skólans er fjölbreytt þar sem gervigrasvöllur, stéttar, skógreitur, skógarstígar og stígar í fólkvangi, fótboltagolfvöllur, fjaran, strandblaksvöllur, útileiktæki o.fl. er notað í kennslu.

Í covid faraldrinum datt íþróttakennsla niður að mestu leyti og var þá brugðið á það ráð að setja stuttar gönguferðir í nærumhverfinu á dagskipulagið. Þetta fyrirkomulag hefur haldist og fara nemendur 7. - 10. bekkjar í daglegar gönguferðir. Þetta hefur reynst vel og nemendum þykir gott að brjóta upp skóladaginn á þennan hátt.





## Útivistarval

Í 7.-10. bekk er hægt að velja útivistarval þar m.a. er farið í gönguferð með allan búnað á bakinu upp á Heljardalsheiði um mánaðarmótin ágúst/september þar sem gist er eina nótt í fjallaskála og einnig er farið í styttri ferðir. Í þessu vali er áhersla á að kynnst náttúrunni, alls kyns veðri og aðstæðum og læra að búa sig fyrir til göngu.

Dæmi um ferðir vorið 2021:

**Mánudagur 19. apríl:** Kl. 13:10-13:40 Spjall um skipulag útivistarvalsins í stofu 8. Kl. 13:40-14:40 Ganga á Böggvisstaðasandi.

**Mánudagur 26. apríl:** Kl. 13:10-14:40 Ganga upp eftir Böggvisstaðafjalli meðfram skíðasvæði (klst. ganga upp og svo haldið niður aftur). Nauðsynlegt að hafa með sér vatn að drekka og frjálst val hvort menn vilja hafa smá nesti. Brottför frá skóla.

**Laugardagur 1. maí:** Kl. 10:00-13:00 (ca.). Gönguferð fram í Stekkjarhús (nemendur verða sjálfir að útvega sér búnað og smá nesti). Mæting við bílaplanið við Skíðadalsbrúna (norðan Kónsstaða) kl. 10. Einnig er möguleiki að kennari sækir nemendur til Dalvíkur sem yrði þá kl. 9:30 svo hægt væri að leggja af stað kl. 10. Muna að skrá sig í þessa ferð í síðasta lagi föstudagskvöldið 30. apríl.

**Mánudagur 3. maí:** Kl. 13:10-14:30 Ganga/skokk fram Svarfaðardal að vestanverðu og sama leið til baka eða hjóla sveitarhringinn. Brottför frá skóla.

**Mánudagur 10. maí:** Kl. 13:10-14:30 Ganga eftir stígum í Fólkvanginum og í Bögg. Brottför frá skóla.

**Laugardagur 15. maí:** Kl. 10:00-13:00 (ca.). Gönguferð um Friðland Svarfdæla (nemendur verða sjálfir að útvega sér búnað og smá nesti). Mæting við Olís kl. 10. Gengin stíkuð gönguleið fram dalinn með viðkomu í Hánefsstaðareit og endað við Húsabakka. Ef aðstæður verða óhagstæðar verður önnur leið valin.




**Mánudagur 17. maí:** Kl. 13:10-14:40. Ganga upp í Melrakkadal. Brottför frá skóla.



## Hönnun og smíði

Smíðakennari nýtir efni úr nærumhverfi og einnig hefur hann samið við byggingaverktaka í sveitarfélaginu um að fá að ganga í afganga á smíðaverkstæði fyrirtækisins. Þetta hefur sparað umtalsvert í efnisinnkaupum. Nemendur fara haust og vor í skógreit og saga greinar sem notaðar eru t.d. í tálgun og annarri sköpun í smíðatímum. Samið var við sveitarfélagið um þessa efnistöku en reynt er að velja og taka greinar sem þegar hafa skaddast eða þarf að fjarlægja t.d. vegna brots eftir snjóþunga. Nemendur fræðast um skóginn, umgengni við gróðurinn, hvaða efni hentar til vinna með o.fl. Einnig fer smíðakennari á svæði fyrir garðaúrgang og þar má ætíð finna úrvals efni.



# Sköpun

Á unglingastigi eru unnin ýmis sköpunarverkefni þar sem áhersla er á að endurnýta efni sem mest. Dæmi um verkefni eru farartæki þar sem nemendum var skipt í hópa þvert á bekki (8.-10. bekkur) og hver hópur dró þrjú orð sem einkenna skyldi hönnunina og fyrir hvern farartækið væri. t.d. dansari-tignarlegur-kvenlegur, hjúkrunarfræðingur-hrörlegur-gamaldags, afi-öruggur-mjúkur o.frv. Í fyrra var einnig unnið sams konar verkefni en þá var viðfangsefnið að hanna stól.



## Lokaorð

Þessi umfjöllun er langt frá því að vera tæmandi. Þrátt fyrir óumflýjanlegar aðstæður hefur ýmislegt gott gerst. Skólinn er vel í sveit settur og stutt að fara til að njóta náttúrunnar.

Umhverfisvernd hefur smokrað sér ósjálfrátt inn í líf okkar. Þegar við settumst niður til að ræða efni þessarar skýrslu bar margt á góma og ýmislegt rifjaðist upp. Á kaffistofu starfsfólks er til dæmis skiptibókamarkaður þar sem hægt er að koma með bók að heiman og taka aðra með sér heim. Einnig kemur starfsfólk stundum með föt sem annað starfsfólk má eiga eða kaupa á vægu verði.

Þó að covid hafi haft margt neikvætt í för með sér og hamlað skipulögðum umhverfisfundum og almennu skólastarfi hefur margt gott átt sér stað. Aukin dagleg hreyfing er komin til að vera á unglingastigi og um tíma hægðist á samfélaginu sem hefur gefið okkur tækifæri að

staldra við og íhuga hvort þessi hraði sé það sem við þurfum á að halda í daglegu lífi.  
Margar áhugaverðar umræður hafa sprottið í starfi með nemendum.



# Viðauki

## 1. Dæmi um fundargerðir

### Umhverfisnefnd með nemendum Fundur 10 mars 2020

Mættir voru: Guðrún Anna, Sóla, og nemendur í umhverfisnefnd Dalvíkurskóla 2019/2020: Tristan Máni, Viktoría Elfa, Guðný Jóna, Kjartan Gestur, Bríet Þóra, Anton Andri, Magnea Kristín, Amelía Eldjárn, Birna Lind, Ester Jana, Sigurður Ágúst, Þórey, Máni, Þröstur og Þormar

1. Kynntum umhverfisnefnd og Grænfánann
2. Ræddum um þemun, Neysla og úrgangur og Loftlagsbreytingar og samgöngur.
3. Skoðuðum úttektarlistann frá 7. Bekk
4. Horfðum á þættina á landvernd, endurhugsa, afþakka .....

Ræddum að hittast fljótlega aftur og gera úttekt á neyslu og úrgangi

Skipta hópnum í tvennt:

- 1-5 bekkur gerir lista fyrir yngra stig
- 6-10 bekkur gerir fyrir eldra stig

Nemendur áttu að hugsa um eitthvað sem þau sjá fyrir sér að skólinn gæti gert í tengslum við verkefnið.

Guðrún Anna kom með hugmynd að fataskipti-slá

### Umhverfisnefnd 2. fundur 21.okt 2021

Mættar: Harpa, Helena, Bryndís

1. Nemendaráð óskaði eftir því að haldnir verði reglulegir grænfánafundir með nemendum. Datt niður í covid faraldrinum, nú þarf að ná fyrri dampi.

2. Það vantar á vegginn, við þurfum að starta þessu. Nú eru stafirnir komnir upp, og bolurinn, flott. Spurning hvort til séu ljósmyndir af gróðursetningunni hjá 7. bekk síðan í haust eða eitthvað annað.
3. Gaman var að sjá fjallið og blómið á skjánum. Þurfum að upplýsa afleysingu ritara um þetta, ef hún veit ekki af þessu nú þegar.
4. Rusl er mikið í kring um skólann. Umhverfisnefndin er ósátt við það. Hverjir sjá um að hreinsa ruslið í kring um skólann? Spurning um að taka myndir af því að morgni dags, setja á facebook síðu skólans, "svona er ruslið í kring um skólann. Svona viljum við ekki hafa það. Ræðum við börnin okkar um umgengni og sorp".
5. Við setjum spurningarmerki við áfasta rusladalla sem eru við innganga skólans. Er verið að nota þá? Oft eru svo ruslatunnur á ljósastaurum rétt hjá. Hver sér um að tæma báða dallana?
6. Spurning um að koma því inn á vegginn okkar að árið 2021-2022 séu NEYSLA og LOFTSLAGSBREYTINGAR þemun okkar í Grænfánaverkefninu.
7. Umræða um hvernig sé best að haga grænfánafundi með nemendum. Hvenær er besti tíminn, hver stýrir slíkum fundum, hver er laus? Þurfum að ræða það við aðrar grænfánanefndarkonur.
8. Í matsalnum: Það áttu að vera fötur þar sem hver bekkur átti að leifa mat. Keppni um hvaða bekkur var með minnstu matarsóunina. Það var einu sinni gert og heppnaðist vel. Nú eru nemendur ef til vill að leifa miklum mat, er þörf á að hafa slíkt átak aftur? Hvernig standa matarsóunarmálin, þarf að gera eitthvað í því? Eru einhver dýr sem geta fengið matarleifarnar?

## Umhverfisnefnd

### 5. fundur 10. febrúar 2022

Mættar: Helena, Bryndís, Ásrún, Lilja Bjarnadóttir, Lilja Sólveig, Harpa, Sólveig Lilja.

1. 2. tími á miðvikudögum og 2. tími á föstudögum er tíminn sem við þurfum að hafa í huga þegar við skipuleggjum umhverfisnefndarfundi með nemendum. 1. - 6. bekkur saman og 7. - 10. bekkur saman. Rætt um skipulag fundarins. Gerum sér skjal með tilhögun fundar.
2. Ákveðum: Föstudagurinn 18.febrúar 7-10 bekkur á umhverfisnefndarfundi. Lilja (?), Bryndís (?), Harpa, Sóla (?). Miðvikudagurinn 23.febrúar: 1-6 bekkur á fundi. Harpa, Lilja Sólveig, Bryndís (?).
3. Við munum tala við Guðnýju varðandi hvernig er best að útfæra eftirfarandi hugmynd: Nemendur grænfánanefndar munu búa til spurningar á fundi og leggja síðar fyrir bekkinn. Neysla, samgöngur, loftslagsmál, ... Mögulega verða einhverjar spurningar opnar. Við viljum fá niðurstöðurnar til okkar til að geta tekið allt saman fyrir grænfánaskýrsluna. Hvaða forrit er best fyrir það? Kahoot? Nearpod? Annað?
4. Rætt um neyslu og matartíma í skólanum. Gott væri ef hægt væri að skipuleggja matartíma þannig að það myndist meira næði á matartíma fyrir börnin. Jafnvel skoða þetta með þeim: <https://sterkariutilifid.is/fjolskyldan/borda-i-nuvitund/>
5. Þurfum að minna kennara á að umfjöllun um stríð og flóttafólk gæti í einhverjum tilfellum tengst málefnum grænfánans. Okkur vantar enn verkefni frá kennurum til að setja í skýrsluna.

## 2. Skipulag fyrsta umhverfisnefndarfundar með nemendum

- Sækja krakkana
- Ræða Grænfánann og umhverfisnefndina.
- Ræða NEYSLU.
- Hvað er neysla? Allt sem við notum - það sem við borðum, klæðum okkur í, sýna myndband um neyslu !
- Nemendur nefndarinnar búa til spurningar til að leggja fyrir bekkjarfélagi sína. Gerum ráð fyrir opnum spurningum líka.
- Tvískipt, yngri og eldri spurningalistar.
- Seinna setjum við spurningarnar í Kahoot. Passa að gera ráð fyrir opnum spurningum og að við getum fengið niðurstöðurnar í pósti.
- Hafið þið verslað í rauða krossinum? Myndi ganga að hafa skiptimarkað á fötum einn dag í skólanum? Myndir þú vilja velja föt sem væru á svona slá? Myndir þú vilja gefa föt á slána? Skipuleggja slíkan dag með nemendum. Sýna og segja frá Spjara fataleigunni t.d., að allskonar sé í boði í þessum efnum. Hvernig ferðist þið í skólann?